



Til nefndasviðs Alþingis

Umsögn um 393. mál, stjórnarfrumvarp um þungunarrof, þingskjal 521,
149. löggjafarþing 2018-2019

Frá Kapólsku kirkjunni á Íslandi

Þann 4. október 2018 mótmælti Kapólska kirkjan frumvarpsdrögum til laga um þungunarrof frá 12.-18. viku meðgöngu. Kapólska kirkjan kirkjan mótmælti þeim þó ekki vegna fyrirhugaðra breytinga heldur vegna þess að við berum virðingu fyrir lífinu frá getnaði til grafar.

Í dag hljótum við að tjá megna óánægju okkar, ekki aðeins vegna þess að ekki var tekið tillit til mótmæla okkar, heldur vegna þess að heilbrigðisráðherra hefur lagt fram stjórnarfrumvarp þar sem gert er ráð fyrir að þungunarrof verði leyft allt til loka 22. viku meðgöngu. Er ekki kominn tími tími til að stöðva þennan heimsfaraldur sem hefur á síðustu 20 árum eytt um það bil jafn mörgum á Íslandi og þeim sem búa á Akureyri og nærsveitum?

Í mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna segir svo:

„3. grein

Allir eiga rétt til lífs, frelsis og mannhelgi.

8. grein

Hver sá sem sætir meðferð sem brýtur í bága við grundvallarréttindi þau sem tryggð eru í stjórnarskrá eða lögum, skal eiga rétt á raunhæfu úrræði fyrir lögbærum dómstólum landsins.“

Með þessu frumvarpi er mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna fótum troðin. Þeir sem fylgdust með umræðum um þessi mál fyrr á árinu heyrðu oft orðasambandið „sjálfsákvörðunarréttur kvenna“. Ánægjulegra væri að heyra menn tala um „rétt allra til lífsins“. „Allra“ nær líka yfir fóstur.

Virðulegu þingmenn, styðjið als ekki þetta frumvarp.

26. desember 2018, á þeim degi þegar Kapólska kirkjan minnst saklausu barnanna í Betlehem,

f.h. Kapólsku kirkjunnar á Íslandi

David B. Tencer

David B. Tencer,
Reykjavíkurbiskup